



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 11. maí 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 13.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Halldór G. Ólafsson, varaoddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Adolf H. Berndsen hafði lýst vanhæfi sínu til fjalla um umsóknir um Bjarmanes, Fellsborg og tjaldstæðið Höfðahólum vegna skyldleika við einn umsækjanda. Péturína var því boðuð á fundinn í hans stað.

1. Umsóknir um leigu á Bjarmanesi, Fellsborg og tjaldstæðinu Höfðahólum.

Fyrir fundinum lágu umsóknir um leigu á Bjarmanesi, Fellsborg og tjaldstæðinu Höfðahólum sem auglýst hafa verið til leigu.

Bjarmanes var fyrst auglýst til leigu snemma í mars. Auglýsing birtist í Morgunblaðinu og í Sjónhorninu 9.- 10 mars. Frestur var til 10. apríl vegna Bjarmaness. Þegar kom í ljós að núverandi húsvörður Fellsborgar myndi segja starfi sínu lausu var ákveðið á vinnufundi sveitarstjórnar á Löngumýri 22. mars að láta reyna á það hvort áhugi væri fyrir því hjá einhverjum að taka allt á leigu eða einhverjar einingar saman. Jafnframt var umsóknarfrestur um Bjarmanes ásamt öðrum einingum veittur til 20. apríl.

Allar einingarnar saman voru svo auglýstar í Fréttablaðinu og Sjónhorninu.

Umsóknir bárust frá eftirtöldum:

- Áslaugu Ottósdóttur sem sótti um Bjarmanes
- Birnu Sveinsdóttur, Slavko Velemir, Sigríði Björk Sveinsdóttur, Ingvari Þ. Jónssyni, Hafdísí Ásgerisdóttur og Stefáni Sveinssyni. Þau sóttu um tjaldstæðið Höfðahólum og félagsheimilið Fellsborg.
- Guðjóni Ebba Guðjónssyni og Liyu Yiriga sem sóttu um Bjarmanes, félagsheimilið Fellsborg og tjaldstæðið Höfðahólum.
- Jóni Tryggva Sveinssyni sem sótti um Bjarmanes

Á vinnufundi sveitarstjórnar 2. maí sl. var skipaður starfshópur til að taka viðtöl við umsækjendur. Í honum áttu sæti Halldór G. Ólafsson, Inga Rós Sævarsdóttir og sveitarstjóri. Á þeim fundi lýsti Adolf vanhæfi sínu til að fjalla um umsóknir.

Vinnuhópurinn tók viðtöl við umsækjendur að Jóni Tryggva Sveinssyni undanskildum sem dró umsókn sína til baka.

Vinnuhópurinn gerði grein fyrir því sem kom fram í viðtölum og hvernig valkostir um leigu eininganna standi. Fram kom að um tvo valkosti sé að ræða. Annars vegar að leigja allar einingarnar til Ebba og Liyu eða hins vegar að leigja Birnu, Björk, Dísu og þeirra mönnum Fellsborg og tjaldstæði og leigja Áslaugu Bjarmanes.

Sveitarstjórn ræddi málið og fékk skýringar og upplýsingar sem fram komu í viðtölum. Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur að semja við Guðjón Ebba og Liyu um leigu á Bjarmanesi, Fellsborg og tjaldstæðinu Höfðahólum.



Sveitarstjórn ræddi nokkur atriði sem varða leigu á tjaldstæði og Fellsborg sem komu til umræðu á vinnufundi. Sveitarstjóra falið að stilla upp leigusamningum í ljósi umræðu, bæði þá og á þessum fundi.

2. Önnur mál

Ekki voru tekin upp mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 14.100

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson